



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 36

Jón Halldórsson

(1871-1943)

húsgagnasmíðameistari

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 36

Jón Halldórsson

húsgagnasmíðameistari

Inngangur

Jón Halldórsson fæddist 15. september 1871 að Vöðlum í Öndurafirði, Mosvallahreppi, V.-Ísafjarðarsýslu og lést 4. janúar 1943 í Landakotsspítala í Reykjavík. Foreldrar hans voru Halldór Bernharðsson, bóndi að Vöðlum, og kona hans, Elín Jónsdóttir. Jón stundaði trésmíðanám í Noregi 1895-1896 og í Kaupmannahöfn 1896-1897; hann lauk sveinsprófi í trésmíði vorið 1897 og hvarf heim til Íslands og var heima í Öndurafirði þann vetur. Síðar fór hann til Reykjavíkur og stundaði þar smíðar, vinnustofu hafði hann í Herkastalanum. Hann vann m.a. við Laugarnes-spítalann og Landsbanka Íslands. Jón hélt til Kaupmannahafnar aftur til að læra meira og framast betur og stundaði hann teikninám þar 1899-1900, en vann einnig við smíðar. Til Berlínar fór Jón 1900 í framhaldsnám í teikningu en fór til Kaupmannahafnar á sumrin til að vinna við smíðar.

Jón flutti heim til Íslands árið 1905. Hann var stundakennari í lðnskólanum í Reykjavík 1905-1919 og 1921-1937. Jón Halldórsson og Jón Ólafsson húsgagnasmiður, sem lærður var í Kaupmannahöfn, gerðu félag við Sigurjón Ólafsson trésmíðameistara um rekstur trésmíðastofu. Þetta fyrirtæki var rekið í þrjú ár, 1905-1908, og höfðu þeir verkstæði sitt í steinhúsinu að Skólavörðustíg 4. Sigurjón gekk út úr félaginu og nýtt félag var stofnað 1908 af þeim nöfnum Halldórssyni og Ólafssyni, ásamt smiðunum Bjarna Jónssyni frá Galtafelli og Kolbeini Þorsteinssyni og var félaginu gefið nafnið Jón Halldórsson & Co. Nafnið breyttist í Gamla kompaníið árið 1944 og var til húsa að Skólavörðustíg 6B til 1945.

Jón teiknaði dýr og vönduð húsgögn og innanstokksmuni og var húsgagnaverkstæði þeirra félaga fremsta fyrirtæki landsins á sínu sviði. Innréttingar, stólar og borð var smíðað fyrir Safnahúsið, Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn. Þá leitaði Eimskipafélag Íslands til þeirra félaga um smíði innréttinga og húsbúnaðar sem og Landsbanki Íslands. Tréskurðarmeistararnir Stefán Eiríksson og Ríkarður Jónsson unnu að útskurði fyrir verkstæðið. Árið 1911 reistu þeir félagar hús á Skólavörðustíg 6B. Steinhúsið á Skólavörðustíg 4 var notað sem sýningarstaður húsgagnanna.

Í smíðastofunni vann hátt á annan tug manna. Árið 1922 var enn byggt við húsið. Bjarni frá Galtafelli gekk úr félagsskapnum haustið 1923 og Kolbeinn Þorsteinsson andaðist 1928. Þá áttu þeir nafnar fyrirtækið einir að mestu og ráku það meðan Jón Halldórsson lifði.

Jón var mikill félagsmaður og tók mikinn þátt í störfum lðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, var formaður þess og varaformaður og var einnig lengi vel varaformaður í lðnráði. Jón var varaformaður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og meðal helstu forgöngumanna stofnunar hans; Jón var og formaður Húsgagnameistarafélagsins. Jón tók þátt í ferð með félagsskap danskra lðnaðarmanna á alþjóðlega iðnsýningu í Barcelóna á Spáni sumarið 1929. Hann átti mikinn hlut að íslenskum iðnsýningum árin 1911, 1924 og 1932. Jón var upphafsmaður þess að lðnaðarmannafélagið gæfi landinu stytta Ingólfs Arnarsonar (reist 1924). Þá var Jón einn helsti forgöngumaður þess að haldin voru Vestfirðingamót í Reykjavík. Hann gaf lestrarfélagi sveitar sinnar alfræðisafnritið Salmonsens lexikon, en lestrarfélagið var afsprengi Vónarinnar, og hafði Jón verið helsti hvatamaður að

stofnun þess félags í Öfundarfirði 1894. Lestrarfélagið fékk að Jóni látnum bækur hans að dánargjöf.

Jón átti heimili sitt upp á lofti húss þess sem hann byggði yfir húsgagnaverkstæði sitt að Skólavörðustíg 6B. Jón var ókvæntur og barnlaus. (Halldór Kristjánsson: Jón Halldórsson. Þeir settu svip á öldina. Íslenskir athafnamenn I; ritstj. Gils Guðmundsson. Rvk. 1987)

„Mig hefir lengi langað til að skrifa upp allan árshringinn, eins og hann var á Vestfjörðum í ungdæmi mínu, þegar karlmennirnir fóru til sjóróðra á páskunum, konurnar voru einar eftir heima og oft lítil björg fyrir menn og skepnur, konurnar að bera heyin milli húsa, sinna skepnum, stinga út tað, bera á völl, sjá um sauðburð og gera allt saman fram um Jónsmessu þegar karlmennirnir loksins komu heim úr verinu, og komin græn grös fyrir löngu. Að sönnu komu þeir heim um helgar og færðu þá oft björg í bú. Um þetta vildi ég skrifa, svo það geymist í minningunni, en ekki um sjálfan mig.“ (Valtýr Stefánsson: Myndir úr þjóðlífinu. Fimmtíu viðtöl: „Maður er alltaf að læra. Fáeinar endurminningar frá námsárum Jóns Halldórssonar trésmíðameistara.“ Reykjavík 1958, s. 151-158)

Þeir sem önnuðust skipti á dánarbúi Jóns leituðu eftir, hvort nokkur opinber aðili, þar á meðal Þjóðskjalasafn, hefði áhuga á að taka til varðveislu kistu Jóns sem hafði að geyma margvíslega pappíra svo sem fram kemur í eftirfarandi skjalaskrá. Svo reyndist ekki vera. Varð kistan því eftir í umsjá systurdóttur Jóns, Ingibjargar Guðbjarnardóttur og manns hennar, Sigurðar Bjarnasonar rafvirkjameistara. Kistan fylgdi búi þeirra og var komið fyrir í verkstæðishúsi Sigurðar á Lindargötu 29 þar sem hann var með umfangsmikinn rekstur. Þar fannst kistan, þegar verkstæðishús Sigurðar var rífið árið 1990 og komst þá í umsjá Borgarskjalasafnsins. Voru þau hjónin þá bæði látin.

Þann 10. maí 2001 færði Jón Fr. Jónsson, Þórustöðum, Öfundarfirði, ættingi Jóns Halldórssonar, safninu peningaveski Jóns. Þann 23. október 2003 færði Þorsteinn Bernharðsson safninu kvæði ort af Guðmundi Inga Kristjánssyni til Jóns Halldórssonar.

Afhending: 1990, Jón Fr. Jónsson 2001 og Þorsteinn Bernharðsson 2003.

Innihald: Bréf, póstkort, sveinsbréf, minningar og sögur, hlutabréf, minningarkort, bókhald o.fl.

Tími: 1897-1943.

Magn: 4 öskjur og 1teikningahólkur

Skjalaskrá

Askja 1

Sveinsbréf Jóns Halldórssonar 30. apríl 1897.
Heiðursfélagi lðnaðarmannafélagsins 12. mars 1936.
Ættartafla Jóns Halldórssonar.
Skrár um Vestfirðingamót.
Umslag með gögnum, merkt: Saga lðnaðarmannsins.
Hugsjónir Jóns Halldórssonar.
Minningarkort um Jón Halldórsson.
Hlutabréf Menningarfélags Íslands, nr. 47.
Víxlar, reikningar og eitt frímerki.
Nafnalisti yfir teikninemendur veturinn 1907.
Kvittanir fyrir eignarhluta Bjarna Jónssonar í Skólavörðustíg 6B.
Sendibréf.

Nokkir bréfspjöld frá Danmörku og Þýskalandi með engri mynd, 1902-1904, eitt þeirra er áritað snedkersv. J. Halldórsson og hefur fundarboð um „dansfund“ í Wittmacks Lokaler, Holmens Kanal, Íslendingafélagsins áprentað, 1904; eitt slíkt bréfspjald er innlent 1912, og hefur áprentað fundarboð Trésmíðafélags Reykjavíkur í Bárubúð; annað bréfspjald er gefið út af Finsen og Johnson og er sent frá Ísafirði 1906 og sýnir Laugarnar við Reykjavík og er skrifað framan á kortið.

Póstkort, 1904-1940, flest send Jóni frá útlöndum þau elstu hafa óskipta bakhlið og er skrifað á myndahliðina, póstkortabæklingur frá Kanada með 30 “Souvenir Views”, kort af barni og annað af Gunnhildi kóngamóður að rugga vöggu verðandi konungs, þau eru óárituð; einnig nokkur innlend, s.s. Sauðárkrókur, sent 1907 og Múlafoss, sent 1906, og kort frá Reykjavík, Kirkjustræti og fiskþurrkun.

Danskort áritað Jóni Halldórssyni: Dansleikur „upp á gamla móðinn“ 12. janúar 1921. Fylgir blýantur með í bandi.

Minningarkort um Jón, 1943, sum einungis lítil spjöld með hluttekningarorðum, mörg önnur með skrautlettri og teiknuðum myndum. Eru það hinir ýmsu styrktarsjóðir sem gefa kortin út, s.s. Jarðafarasjóður lðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, tvær tegundir, minningargjafasjóður Landspítala Íslands, Sálarrannsóknarfélags Íslands, Byggingasjóður K.F.U.M. og K. Minningarsjóður Sigurðar Eiríkssonar, skrautlegasta kortið gefur Styrktarsjóður Skipstjórafélagsins Öldunnar út, Ekknasjóður Reykjavík gaf einnig út skrautlegt kort og Slysavarnafélag Íslands, kort þau eru einnig handskrautrituð.

Askja 2

Bekkjarbók: “...zum Abschieds Commers der Tischler Tages Klasse Handwerkschule.” Berlin 1901-1902.
Leiðarvísir. Bók um flatateikningu og rúmteikningu handa lðnskólanemendum.
Bók með vísum og fyrirlestrum eftir Jón, frá árum hans í Berlín 1901-1902.
Tvær viðskiptabækur.
Þrjár dagbækur, 1897-1902, 1902-1905 og 1929.
Sex bækur með teikningum Jóns, m.a. af húsgögnum og mynstri (frá t.a.m. námsárum hans í Berlín).

Askja 3

Heillaóskaskeyti í tilefni af 65 ára og 70 ára afmælis Jóns.
Ein stílabók: Athugasemdir Jóns um sýningu í Árósum 28. ágúst 1909 skrifuð af Jóni, einkum lýsing á skápi.
Prentað mál, bæði innlent og erlent:
Skipulagsskrá Styrktarsjóðs lðnaðarmanna í Reykjavík 1921.

Lög fyrir Landssamband iðnaðarmanna 1939.
Lög KFUM 1921.
Söngför Karlakórsins Vísis 1937.

Lýsing á Þingvallaför Kr. A. Kristjánssonar og Jóns 1928, skrifuð af Kr. Kristjánssyni, 6 bls.

Skrá yfir muni á Iðnaðarsýningunni í Reykjavík er opnuð var 2. ágúst 1883.
Hálspeningur merktur: „Iðnsýningin í Reykjavík 17. júní 1911. Verkið lofar meistarann”.

Ljósmyndir:

Myndir af kennurum og nemendum Iðnskólans veturinn 1925-1926.
Myndir af kennurum og nemendum Iðnskólans í Reykjavík 1925-1937.
Fjölskyldumyndir, þar af tvær í ramma.
Fjórar ljósmyndir frá Alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930, ljósmyndari: Breiðdal.

Albúm með ljósmyndum úr ferðalögum.
Ljósmyndir úr ferðalögum, innanlands og utan.
Tvær ljósmyndir frá útför Jóns Magnússonar ráðherra, er gerð var frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

Askja 4

Ljósmyndir:

Fjölskyldumyndir.
Ferðamyndir frá Íslandi og útlöndum.
Myndir af Jóni á ýmsum aldri.
Gamalt albúm í útskornu leðurbandi með mannamyndum (fæstar merktar).
Hópmynd í fjöru merkt: „Iðnaðarmenn Bankans í Reykjavík, gjöf til meistarans sumarið 1899, ágúst. Til Balds og Pedersens”.
Póstkort, flest útlend.
Tvö heillaóskakort í tilefni sjötugsafmælis Jóns 1941, handgerð, skrautrituð með glimmer af Jón Theodórssyni og syni hans Eggerti Th. Jónssyni sem víðfrægir voru fyrir kort sín.
Jóla- og nýárskort, handgerð, skrautrituð með glimmer, ca 1938-40, af feðgunum Jóni Theodórssyni og Eggerti Th. Jónssyni.

Ljósrit: Valtýr Stefánsson: Myndir úr þjóðlífinu. Fimmtíu viðtöl: „Maður er alltaf að læra. Fáeinar endurminningar frá námsárum Jóns Halldórssonar trésmíðameistara.” Reykjavík 1958, s. 151-158.

Ljósrit úr Tímariti Iðnaðarmanna, 5. árg. 3. hefti, júlí-september, 1931: Jón Halldórsson húsgagnasmíðameistari 60 ára.

Ljósrit af formála Jóns Halldórssonar sem jafnframt er útgefandi ritsins: C.C. Hornung: Ævisaga iðnaðarmanns. Ritun af honum sjálfum. Ísl. hefir Sigurður Skúlason. Reykjavík 1934.

Ljósrit af ljóði eftir Freysteinn Gunnarsson sem birtist í Kvæðum 1987: Jón Halldórsson húsgagnasmíðameistari.

Ljósrit úr Fálkanum, Alþingishátíðarblaði [júní], 1930: Jón Halldórsson & Co.

Þar er að finna m.a. teikningu af húsum Jóns að Skólavörðustíg 6B.

Barst 10. maí 2001 frá Jóni Fr. Jónssyni, ættingja Jóns Halldórssonar, Þorustöðum, Öfundarfirði: Peningaveski úr hömruðu leðri, svart að lit með gylltu lettri: Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Einnig er það merkt: Jón Halldórsson. Á bakhlið er prýkt merki ásamt nafni Sparisjóðsins, vart þó sjáanlegt lengur. Inni í veskinu er barmmerki Iðnsýningarinnar í Reykjavík 1966: Iðnsýning 66. Merkið er prjónn með haus úr krómuðu jární.

Þann 23. október 2003 færði Þorsteinn Bernharðsson safninu eftirfarandi:

Kvæði ort til Jóns Halldórssonar. Kvæðið yrkir Guðmundur Ingi Kristjánsson, skáld að Kirkjubóli í Bjarnardal, Mosv.hr., V.-Ís., og er það prentað í ljóðmælum Guðmundar Inga.

Um sumarið 2004 barst safninu frá Þorsteini Ferðasaga frá ófriðarárum, ljósrit úr lesbók Morgunblaðsins frá 1. nóvember 1925. Lagt í öskju 4. (JH)

Askja 5

treikningahólkur

Teikning af útskurði af blómi og festingu á húsgagn, án árs.

Teikning af skáp merkt J. Halldórsson, án árs.

Teikning af skáp merkt J. Halldórsson 04.11.04.

Teikning af *snapsaskáp* merkt Gestur Þórðar, án árs.

Teikningar af lðnskóla í Reykjavík: Guðmundur H. Þorláksson, 1930:

Teikning af lðnskólanum í Reykjavík, hlið að Ingólfsstræti.

Teikning af lðnskólanum í Reykjavík, hlið að Hallveigarstíg.

Teikning af lðnskólanum í Reykjavík, kjallari.

Teikning af lðnskólanum í Reykjavík, 1. hæð.

Teikning af lðnskólanum í Reykjavík, 2. hæð, 2 teikningar.

Teikning af lðnskólanum í Reykjavík, 3. hæð.

Teikning af lðnskólanum í Reykjavík, þversk. um salina, langsk. um samkomusal.

Teikning af konu með epli og mönnum sem standa í kring- einskonar rammi, án árs. Efst á það er ritað: Minkist öll þannig að þetta verði full stærð(Myndin verður þá 17 ½ X 25.

Skráð Sigríður H. Jörundsdóttir/Ragnhildur Bragadóttir/
Gréta Björg Sörensdóttir